

Fundargerð 18. fundur 6. áfanga verkefnisstjórnar rammaáætlunar,  
Haldinn á Teams kl. 13 – 15 fimmtudaginn 18. júní

Mætt á fundinn Pétur, Ása, Kjartan. Guðrún, Svanfríður og Rán.  
Jón Björn boðar forföll

Dagskrá;

1. Staðfesting fundargerðar 17. fundar  
Fundargerð staðfest.
2. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, vindorka o.fl.  
Túlkun nýrra laga og staða reglugerðar.

Frv. um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál 565 vindorka, er á lokametrum á Alþingi og breytingartill. ekki miklar. Reglugerð verður síðan aðlöguð að breyttum lögum.

3. Afturköllun friðlýsinga  
Greinargerðir faghópa liggja fyrir, sendar til verkefnisstjórnar 6.júní sl.

Rædd var tillaga að efnisyfirliti tillögu um friðun þeirra verndarsvæða þar sem friðun var afturkölluð eftir dóm Hæstaréttar frá 27. mars 2024. Formanni falið að gera drög að tillögu og senda til verkefnisstjórna til umsagnar.

4. Erindi frá faghópi 2. vegna flugs

Erindið rætt. Verkefnisstjórn tekur undir mikilvægi þess að gætt sé að áhrifum vindorkuhugmynda á flug og að sú áhersluskipting milli faghópa sem nefnd er í erindinu eigi við. Mat á áhrifum á flugi getur kallað á mjög sérhæfða þekkingu og verkefnisstjórn leggur til að ef álitafni koma upp varðandi flug verði leitað umsagna þeirra stofnana sem gerst þekkt til þessara mála.

5. Endurmatskostir, gagnaöflun og umsagnir stofnana

Samkvæmt 10. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun skal verkefnisstjórn leita umsagna Náttúruverndarstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Skipulagsstofnunar, Landsnets og Ferðamálastofu um hvort fyrirbyggjandi gögn varðandi einstaka virkjanahugmyndir eru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingar áætlun. Nefndar stofnanir hefa þegar fengið gögn um flestar þeirra virkjanahugmynda sem nú eru til endurmats.

6. Erindi frá Magnúsi Jóhannssyni, Stormorku, dags. 11. júní þar sem m.a. áhyggjur félagsins af hæfi þeirra sem vinna fyrir verkefnisstjórn eru ítrekaðar.

Samskipti við Magnús vegna Stormorku hafa áður verið kynnt og rædd í verkefnisstjórn. Formanni falið að bregðast við erindi Magnúsar í samræmi við umræður á fundinum.

7. Verkefni sumarsins

Reikna má með að nokkurt upphald verði í vinnu verkefnisstjórnar í júlí og fram í a.m.k. miðjan ágúst. Stefnt er að sameiginlegum vinnufundi með formönnum faghópa, áður en sumarfrí skella á af fullum þunga, til að fara yfir stöðu mála og verkefnin framundan. Stefnt er á fund að viku liðinni.

8. Önnur mál

- a) Vettvangsferð í Vaðölduver þann 5. júní var mjög upplýsandi. Mæting var góð og augljós áhugi fyrir þessum framkvæmdum við fyrsta vindorkuver á Íslandi enda liggur fyrir verkefnisstjórn og faghópum að meta ýmsar vindorkuhugmyndir á næstu misserum.
  
- b) Upplýst var að fyrirtækið Zephyr Iceland hefur nýlega ákveðið að hætta þróun á eftirfarandi virkjunarkostum:
  - Mýravirkjun, Borgabyggð (óhagkvæm vegna smæðar og á svæði þar sem mikið er um fugla).
  - Hrutavirkjun, Húnaþingi vestra (rannsóknir á flugi arna hafa sýnt mikla umferð þeirra um landið).
  - Keldnavirkjun í Rangárþyngi ytra (óhagkvæm vegna smæðar).
  - Valshamar (rannsóknir á flugi arna hafa sýnt mikla umferð þeirra um landið).Því er ekki lengur óskað eftir að verkefnastjórn rammaáætlunar flokki þessa fjóra kosti.
  
- c) Rætt um rannsóknir sumarsins á vegum faghópa
  
- d) Rán upplýsir um vinnu við heimasíðu.

Fundi slitið kl. 14.40